

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1943.

Lög um innflutning og gjaldeyrismeðferð, undirskrifuð af ríkisstjóra 16. janúar 1943, nr. 1.

Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1943, undirskrifuð af ríkisstjóra 13. febrúar 1943, nr. 2.

Lög um verðlag, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 3.

Lög um breyting á lögum nr. 24 12. júní 1939, um dýralækna, undirskrifuð af ríkisstjóra 27. janúar 1943, nr. 4.

Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur í febrúar 1943, undirskrifuð af ríkisstjóra 29. janúar 1943, nr. 5.

Lög um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 6.

Lög um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h.f. Eimskipafélags Íslands, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 7.

Lög um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis, undirskrifuð af ríkisstjóra 13. febrúar 1943, nr. 8.

Lög um breyting á lögum nr. 36 28. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 9.

Lög um breyting á lögum nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 10.

Lög um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 11.

Lög um breyting á hafnarlögum fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 30 14. júní 1929, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 12.

Lög um stofnun embættis háskólabókavarðar við Háskóla Íslands, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 13.

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 6. tbl. Lögbirtingablaðsins 1943, 1 um fyrirmæli brezka sendiráðsins um skyldu skipa til þess að hafa 2. febr. meðferðis brezkt siglingaskírteini (Ship-Warrants).

Brezka sendiráðið hefur tjáð ráðuneytinu, að frá og með 3. þ. m. verði hvert íslenskt skip, sem er 50 brúttó smálestir að stærð, að hafa meðferðis brezkt siglingaskírteini (Ship-Warrants), en til þessa hafa ekki minni skip en 200 brúttó smálesta þurft þess.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, er öllum eigendum skipa, sem eru 50 brúttó smálestir eða þar yfir að stærð, bent á, að fela umboðsmönnum sínum í Bretlandi að sækja þegar um brezk siglingaskírteini fyrir skipin og þá sérstaklega fyrir þau skip, sem váttryggð eru eða endurtryggð hjá brezkum eða amerískum skipaváttryggjendum. Skipaeigendur, sem engan umboðsmann hafa í Bretlandi, geta um útvegum framangreinds siglingaskírteinis snúið sér til einhvers af eftirtöldum aðilum:

brezka aðalkonsúlatsins í Reykjavík,

— varakonsúlatsins á Akureyri,

— — — — — í Vestmannaeyjum

eða skrifstofu brezka sjóhersins á Seyðisfirði.

Fiskiskip, sem stunda veiðar úr íslenskum höfnum og flytja afla sinn til íslenskra hafna, þurfa ekki að hafa ofangreind siglingaskírteini.